EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF MÓDELUM



Fokker F-27	Airfix 1/72	Kr. 4.115
Boeing 314 Clipper	Airfix 1/144	Kr. 3.075
Boeing 707	Airfix 1/144	Kr. 2.240
Boeing 727	Airfix 1/144	Kr. 2.170
Boeing 747	Airfix 1/144	Kr. 7.875
Big Orange 747	Airfix 1/144	kr. 7.875
Lockheed Tristar	Airfix 1/144	Kr. 3.770
Concorde	Airfix 1/144	Kr. 3.770
Airbus A 300	Airfix 1/144	Kr. 5.200
Trident 1c	Airfix 1/144	Kr. 2.170
Douglas DC 9	Airfix 1/144	Kr. 2.170
Vickers VC 10	Airfix 1/144	Kr. 2.240
Boeing 727	Monogram	Kr. 3.450
Boeing 747	Monogram	Kr. 3.450
Douglas DC 10	Monogram	Kr. 3.450
Caravelle	Novo 1/96	Kr. 2.400
Comet 4	Novo 1/96	Kr. 2.400
Caravelli	Heller 1/100	Kr. 2.180
Transall C 160	Heller 1/100	Kr. 6.440
Boeing 707	Heller 1/125	Kr. 3.370
Boeing 727	Heller 1/125	Kr. 5.480
Douglas DC 8	Heller 1/125	Kr. 6.440
Douglas DC 10	Heller 1/125	Kr. 7.630
Airbus	Heller 1/125	Kr. 5.885
Lockheed Tristar	Heller 1/135	Kr. 7.630

Póstsendum

módelbúðin

SUÐURLANDSBRAUT 12 SÍMI 32210

Furu & grenipanell.
Gólfparkett — Gólfborð —
Furulistar — Loftaplötur —
Furuhúsgögn — Loftabitar —
Harðviðarklæðningar —



Inni og eldhúshurðir — Plast og spónlagðar spónaplötur.

HARÐVIÐARVAL HF

Skemmuvegi 40 KÓPAVOGI 74111

Grensásvegi 5 REYKJAVÍK 84727

Rannsóknaráð ríkisins

Verkfræðingur — Raunvísindamaður

Rannsóknaráð ríkisins leitar eftir verkfræði- eða raunvísindamenntuðum manni til starfa, m.a. að gerð langtímaáætlunar um þróun rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna. Æskileg grundvallarmenntun á sviði verkfræði og raunvísinda og ennfremur á sviði rekstrarhagfræði og stjórnunar. Góð ritfærni og hæfileiki til samvinnu mikilvægir kostir.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist skrifstofu Rannsóknarráðs ríkisins fyrir 20. nóvember nk.

Til sölu

Volvo F 88 vörubifreið árg. 1974 pall og sturtulaus. Einnig nýuppgerður mótor í Volvo F 88 TD 100 A. Upplýsingar gefur Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri sími 99-5121.

Kaupfélag Rangæinga

60 ára:

Óskar Ágústsson

íþróttakennari á Laugum



„Ómetanlegt fyrir okkur að eiga svona mann að sem Óskar á Laugum", varð einum forráðamanni héraðssambands Suður-Þingeyinga að orði við mig í síma í fyrradag er talið barst að afmæli Óskars. „Þó hann hafi hætt formennsku sambandsins fyrir 4 árum eftir 19 ára starfsferil þá er hann burðarás HSÞ ennþá þegar mikið liggur við. Skýtur stoðum undir ferðalög íþróttafólks innanlands og til útlanda, veitir sumarbúðum okkar forstöðu og þá er framtak hans ekki síst að héraðshátíðum HSÞ. Eril forstöðu að rekstri sumargistihússins á Laugum setur hann ekki fyrir sig að sinna þörfum ungmennafélaganna". — Sönn og hlýleg umsögn um Óskar Ágústsson sextugan sem ber vott trúmennsku hans og skaplyndi sem hefur boðið birginn erli, útölum og andbyr.

Margir halda að Óskar sé Þingeyingur, því að hátt á fjórða áratug hefur hann starfað þar nyrðra. Óskar er Sunnlendingur. Fæddur á Stokkseyri en alinn upp í Ásahreppi, Rangárvallasýslu, þaðan var föðurætt hans en móðurætt ofan af Landi í sömu sýslu.

Ég sá Óskar fyrst á vordögum 1941 í hópi nemenda í íþróttaskóla Björns Jakobssonar. Um haustið réðist hann umferðarkennari hjá fræðslumálaskrifstofunni, UMFÍ og ÍS. Við þessi kennslustörf var hann í þrjá vetur. Fór víða um land og kenndi oftast við erfiða aðstöðu. Á daginn kenndi hann í skólum en á kvöldum hjá ungmenna- eða íþróttafélögum. Margir báðu um að fá Óskar aftur næsta vetur. Árið 1944 hætti Þorgeir Sveinbjarnarson íþróttakennslu á Laugum. Ég var beðinn að útvega íþróttakennara og mælti ég með Óskari. Séra Hermann Hjartarson hafði þá tekið við skólastjórn. Með þeim tókst gott samstarf sem leiddi til vináttu.

Störf Óskars urðu fljótt víðfeðm á Laugum. Forstaða sumargistihússins var honum falin 1948 og póstafgreiðsla 1949. Ættmenn Óskars hafa margir hneigst til verslunarstarfa og svo fór að þessi hneigð kom Óskari til þess að stofna verslun á Laugum 1951. Trúmennska og skapfesta Óskars lýsir sér vel þegar athugað er að enn sinnir hann öllum þessum störfum með kennslunni. Eftir öll kennslustörf vetrarins tók hann, er skóla lauk að vorinu, til við sundkennslu barna í tvo mánuði og kom fyrir meðan sundlaugarlaust var í báðum Þingeyjarsýslum, nema hvað sundskáli var til í Reykjahverfi, að til Lauga sóttu á þriðja hundrað sundnemenda.

Ofan á allt þetta hefur Óskar svo hlaðið störfum fyrir HSÞ eins og fyrr greinir.

Árið 1961 tók HSÞ að sér Landsmót UMFÍ undir forystu Óskars. Um 10 þúsund manns sóttu Laugar heim þessa mótsdaga. Upp úr öllum önnum mótsins stóð Óskar ráðagóður, glaður og hugkvæmur. Spaugsyrði hans viku tíðum til hliðar erfiðleikum.

Þingeyingar hafa lært að meta Óskar sem kennara, forystumann um félagsmál og athafnamann í þjónustustörfum. Þeir hafa þolað eftirrekstur hans því að hann axlaði svo margt sjálfur, spaugsyrði hans er hann beitti jafnt sjálfan sig sem náungann.

Margir munu í dag minnast Óskars, vilja þakka honum og óska heilla.

Elín Friðriksdóttir, kona hans synirnir þrír og dóttirin eiga stóra hlutdeild í þakklæti okkar fyrir hve samhent þau hafa verið við að aðstoða heimilisföðurinn við störf hans og sýnt okkur sem tíðum hafa til hans leitað umburðarlyndi.

Óskari Ágústssyni og fjölskyldu hans eru færðar heillaóskir og kveðjur.

Þorsteinn Einarsson

Fræðslufundur um kvótann

— Árnesingar ræða vanda búvöruframleiðslunnar

Stjas — Á miðvikudaginn kemur, þann 12. þ.m. verður fræðslu og umræðufundur um landbúnaðarmál og stjórn búvöruframleiðslunnar haldinn í Félagsheimilinu Árnesi.

Framsögumenn á fundinum verða Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs og Böðvar Pálsson stjórnarmaður Stéttarsambandsins. Fundurinn hefst kl.21 og er öllum opinn. Það eru fulltrúar Árnesinga á aðalfundi Stéttarsambands bænda sem boða til fundarins.



Kjartan Guðjónsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

JG RVK — Í dag 8. nóv. opnar Kjartan Guðjónsson listmálari sýningu á verkum sínum í vesturssal Kjarvalsstaða. Þarna sýnir Kjartan 70-80 myndir, olíumálverk og krítarmyndir.

Að sögn listamannsins eru myndirnar flestar málaðar á tveim síðustu árum og má segja að brotið sé blað í vinnu og efnisvali.

Myndirnar eru allar figurativar, en Kjartan var áður abstraktmálari gerði mest af abstraktmálverkum, en að auki figurativar myndir, einkum þó bóklýsingar.

Þetta er því nýstárleg sýning hjá þessum þekkta listmanni.

Sýningin verður opin í tvær vikur.